

Ed.

### 348. Nefndarátt

um frumvarp til laga um niðurfall nokkurra embætta.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, er vafalaust, eins og tekið er fram í greinargerð þess, borið fram í sparnaðarskygni, enda verður því ekki neitað, að ef niðurfall þeirra embætta, sem hjer ræðir um, þætti fullkomlega tiltækilegt, mundi með því sparast allálitleg upphæð.

Í greinargerð frumvarpsins er það tekið fram um öll þessi embætti, að þau sjeu orðin óþörf með öllu. Og fer það því að líkindum, að minni hluti nefndarinnar, sem jafnframt er flutningsmaður frumvarpsins, muni halda því fast fram, að háttv. deild samþykki það.

Meiri hluti nefndarinnar treystist aftur á móti ekki til að fullyrða, að öll þessi embætti, sem hjer ræðir um, sjeu og verði í nálægri framtíð algerlega óþörf.

Að því er snertir aðstoðarlæknisembættið á Ísafirði, þá er að vísu meiri hluti nefndarinnar á sömu skoðun og minni hlutinn, að það embætti sje í sjálfu sjer óþarft. En kæmi það til, að sá maður, sem nú situr í þessu embætti, færi úr því, annaðhvort lífs eða liðinn, þá telur meiri hlutinn það fullkomlega víst, að það mundi ekki verða öðrum veitt, og falla þannig niður alveg af sjálfu sjer. En þótt nú væri með sjerstökum lögum samþykkt að leggja þessa stöðu eða embætti niður, þá er ekki sýnilegt, að með því mundi nokkur eyrir sparast.

Launin, sem samkvæmt 3. gr. laga nr. 34, 16. nóv. 1907, fylgja þessari stöðu, eru einar 800 krónur. Og þótt svo væri litið á, að dýrtíðaruppbót skyldi reikna á þessa upphæð eins og hver önnur laun, þá væri hjer þó ekki að ræða nema um c. 1200 krónur.

Ef nú þingið teldi sig engar skyldur hafa gagnvart manni þeim, sem skipar þessa stöðu nú, og ljetei sjer á sama standa, hvað um hann yrði, þá mundi það fyrst og fremst ekki ætla honum í laun hærri upphæð en lög standa frekast til. En eins og fjárlagafrumvarpið fyrir 1925, sem nýlega hefir verið samþykkt í háttv. Nd., ber með sjer, eru manni þessum ætlaðar 1800 krónur í laun, eða með öðrum orðum hjer um bil þriðjungi hærri upphæð en hægt er að segja, að lög standi til. Og bendir þetta ótvíræðilega í þá átt, að þingið ætli sjer ekki að varpa manni þeim, sem hjer á hlut að máli, algerlega út á gaddinn. Það virðist því mega líta svo á, að þó embætti þetta væri nú lagt niður með því að samþykkja framangreint frumvarp, þá yrði þó maður sá, sem nú situr í þessari stöðu, í áttinn

njóta framvegis sama eða svipaðs styrks og honum er nú ætlaður í fjárlaga-frumvarpinu. En þá yrði sparnaðurinn við niðurfall embættisins alls enginn.

Embætti þau, sem samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er ætlast til að niður falli, eru tvö, sem sje aðstoðarmannsembætti vegamálastjóra og aðstoðarmanns-embætti vitamálastjóra.

Það er nú að visu auðsætt, að venjuleg störf þessara manna hljóta að verða á komandi ári minni en þau hafa verið að undanfögnu, vegna þess að Alþingi neyðist til þess að kippa að sjer hendinni með framkvæmdir á verksviði þeirra á næsta fjárhagsári. En gagnvart minni hluta nefndarinnar, sem telur menn þessa alls óþarfa, hafa bæði vegamálastjóri og vitamálastjóri, sem báðir mættu á fundi nefndarinnar, haldið því fram, að báðir þessir umræddu aðstoðarmenn geti á ýmsan hátt haft nægileg verkfræðileg störf fyrir stafni fyrir hið opinbera, sem að öðrum kosti yrði að kaupa aðra til að vinna um eins árs skeið, þótt framkvæmdir yrðu litlar á næsta ári við vegagerðir og vitabyggingar. Að skera úr því, hvorir hafi rjettara fyrir sjer í þessu efni, treystir meiri hluti nefndarinnar sjer ekki til, enda hyggur hann, að á því velti ekki, heldur hinu, hvort þörf sje þessara manna í framtíðinni eða ekki. Ef hægt væri að líta svo á, að engin þörf væri fyrir sjer-staka verkfróða aðstoðarmenn á þessum sviðum á komandi árum, mætti það eðli-legt telja að láta þá fara nú þegar. En verði nú ekki, eins og meiri hluti nefndarinnar vill vona, nema stundarhlje á verklegum framkvæmdum og aftur verði innan skamms tekið til óspiltra mála í þeim efnum, svo að þörfin fyrir verklega aðstoð teldist þar af leiðandi aftur vera fyrir hendi, þá álitur meiri hluti nefndarinnar það varhugavert, að hafa nú þegar vísað burt úr þjónustu landsins mönnum þessum, sem búnir eru þó að fá talsverða reynslu, hvor á sínu sviði. Það virðist alls ekki ósennilegt, að svo gæti farið, að hvorki þessir nje aðrir hæfir menn í þeirra stað fengjust til þess að ganga aftur í þjónustu landsins, þegar þörf þess útheimtir, nema því að eins, að stórfje væri í boði.

Í 4. gr. frv. er það lagt til að leggja nú þegar niður skógræktarstjóraembættið. Með því mundi óneitanlega nokkurt fje sparast, en þó ekki neitt sem teljandi sje fyrst um sinn, þar sem ráð er fyrir því gert, eins og líka sanngjarnt er, að fráfarandi skógræktarstjóri yrði látinn njóta biðlauna.

En þótt það sje í sjálfu sjer ekki ósennilegt, að finna mætti heppilegra fyrirkomulag en nú á sjer stað að því er skógræktina snertir, þá verður það þó að teljast álitamál, hvort hið litla fje, sem skógræktarstjóri hefir að jafnaði haft úr að spila, hefði komið að meiri notum í höndum annara manna en hans.

Þótt við þannig, samkvæmt framansögðu, getum ekki mælt með því, að nefnt frumvarp verði nú að þessu sinni samþykkt í hinni háttv. deild, þá teljum við þó, að tillögur þær, sem í því felast, sjeu verðar fyllri rannsóknar, og leggjum þess vegna til, að frumvarpinu sje vísað til stjórnarinnar með svo hljóðandi

#### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ :

Í því trausti, að stjórnin láti nefnd þá, sem væntanlega verður skipuð

samkvæmt þingsályktun um sparnað við starfrækslu ríkisrekstrarins, athuga til-  
lögur þær, sem í frumvarpinu felast, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 9. apríl 1924.

Jóh. Jóhannesson,  
formaður.

Eggert Pálsson,  
frsm.